


Fólksbifreið
Sendibifreið

NÁMSKRÁ

fyrir almenn ökuréttindi

FLOKKUR B



Námskrá

fyrir almenn ökuréttindi

Febrúar 2010



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 562 1702
postur@sam.stjr.is www.stjr.is/sam

Umferðarstofa
Hr. Karl Ragnars, forstjóri
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2010
Tilv.: SAM10010007/3.1.10.1

Efni: Staðfesting á námskrá fyrir almenn ökuréttindi, flokkur B.

Vísað er til bréfs Umferðarstofu, dags. 31. desember 2009, þar sem ný og endurskoðuð námskrá fyrir almenn ökuréttindi, flokk B, er send ráðuneytinu til skoðunar og staðfestingar.

Það tilkynnist hér með að ráðherra hefur fallist á efni námskrárinnar og staðfestir hana með undirritun bréfs þessa.

Miðað er við að námskráin taki gildi þann 1. febrúar 2010. Um leið fellur úr gildi eldri námskrá fyrir almenn ökuréttindi, flokk B, sem staðfest var þann 29. desember 1999. Engu að síður er gert ráð fyrir að ökuskólar hafi frest til 1. maí 2010 til að ganga frá kennsluáætlunum í samræmi við nýja námskrá.

Kristján L. Möller

Ragnhildur Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

1.	KAFLI	3
	SKIPULAG ÖKUNÁMS	3
1.1	INNGANGUR	3
1.2	MEGINMARKMIÐ	3
1.3	PREPASKIPTING	3
1.4	FRÆÐILEGUR HLUTI ÖKUNÁMS	4
1.5	FERLI ÖKUNÁMS	5
1.6	FJÖLDI KENNSLUSTUNDA Í ÖKUNÁMI	5
1.7	ÆFINGAAKSTUR MEÐ LEIÐBEINANDA	6
1.8	ÖKUNÁMSBÓK – ÖKUNÁMSFERILL	6
1.9	HLUTVERK OG SKYLDUR ÖKUKENNARA, ÖKUSKÓLA OG ÖKUGERÐA	6
1.10	SKIPULAG NÁMSKRÁR	6
2.	KAFLI	7
	VERKLEGUR HLUTI	7
2.1	GRUNNÞJÁLFUN	7
2.1.1	Undirbúningur aksturs	7
2.1.2	Stjórnæki og ræsing	7
2.1.3	Aka af stað - stöðva bifreið	7
2.1.4	Hægri og vinstri beygjur í gatnamótum	7
2.1.5	Gírskipting og hemlun	7
2.1.6	Snigilakstur og tekið af stað í brekku	7
2.1.7	Akstur aftur á bak	8
2.1.8	Öryggisskoðun og rekstur bifreiðar	8
2.2	AKSTUR Í UMFERÐ	9
2.2.1	Beiting og samtenging undirstöðupátta	9
2.2.2	Akstur á akreinaskiptum vegum	9
2.2.3	Einstefnuvegir	9
2.2.4	Akstur í þéttri umferð	9
2.2.5	Ljósastýrð gatnamót	10
2.2.6	Hringtorg	10
2.2.7	Forgangur í umferð	10
2.2.8	Vistakstur	10
2.3	AKSTUR Í ÞÉTTBÝLI	11
2.3.1	Beiting og samtenging grunnpátta	11
2.3.2	Akstur við sérstakar aðstæður	11
2.3.3	Snúa við og lagning bifreiðar	11
2.3.4	Akstur í íbúðahverfum	11
2.3.5	Akstur í mismikilli umferð	11
2.4	AKSTUR Í DREIFBÝLI	12
2.4.1	Aðreinar og fráreinar – hraðaval	12
2.4.2	Akstur á þjóðvegum	12
2.4.3	Framúrakstur	12
2.5	AKSTUR VIÐ ERFIÐ SKILYRÐI	13
2.5.1	Akstur í ökugerði	13
2.5.2	Akstur í myrkri	13
3.	KAFLI	15
	FRÆÐILEGUR HLUTI	15
3.1	INNGANGUR	15
3.1.1	Yfirlit yfir ökunámið	15
3.1.2	Ökuréttindaflokkar og skilyrði til að fá ökuskírteini	15
3.1.3	Stofnanir umferðarmálaefna	15
3.2	ÖKUTÆKIÐ – VEGURINN – UMFERÐIN	16
3.2.1	Búnaður ökutækis og notkun	16
3.2.2	Vegurinn	17

3.2.3	Umferðarumhverfi	17
3.2.4	Áhætta, umferðarslys og orsakir	18
3.2.5	Ökumaður, ökutæki og vegurinn	18
3.2.6	Umferðarlöggjöfin	18
3.3	UMFERÐARHEGÐUN	19
3.3.1	Grunnreglur fyrir atferli umferðar	19
3.3.2	Athyglisæknir	19
3.3.3	Merki og tákn	19
3.3.4	Hraði og aðstæður	19
3.3.5	Staða á vegi	20
3.3.6	Forgangur í umferð	21
3.3.7	Bakkað og snúið við	21
3.3.8	Stöðvun og lagning ökutækja	21
3.3.9	Áhætta og áhættumat	21
3.3.10	Akstur í myrkri og ljósaskiptum	22
3.3.11	Gangbrautir	23
3.3.12	Aðreinar og fráreinar – langakstur á þjóðvegum/hraðbrautum	23
3.3.13	Framúrakstur og akstur á malarvegum	23
3.4	MANNLEGIR ÞÆTTIR	25
3.4.1	Umferðarsálfræði	25
3.4.2	Akstursferlið	25
3.4.3	Áhrifaþættir ökumannsins	25
3.4.4	Hópar vegfarenda og sérkenni þeirra	26
3.4.5	Kröfur umferðarinnar og geta ökumanns	26
3.5	ÁBYRGÐ ÖKUMANS	27
3.5.1	Skráning og eigendaskipti	27
3.5.2	Ábyrgð ökumanns á innra öryggi	27
3.5.3	Fjárhagsleg ábyrgð	27
3.5.4	Viðbrögð stjórnvalda - viðurlög	28
3.5.5	Skyldur ökumanns á slysstað	28
3.5.6	Aðkoma að slysi	28
4.	KAFLI	29
	NÁMSMAT	29
4.1	TILGANGUR NÁMSMAT	29
4.2	AÐFERÐIR VIÐ NÁMSMAT	29
4.3	MAT MEÐAN Á KENNSLU STENDUR	29
4.4	MAT AÐ LOKNU NÁMI	29
5.	KAFLI	30
	PRÓFLÝSING	30
5.1	PRÓFFERLIÐ	30
5.2	FRÆÐILEGT PRÓF	30
5.2.1	Einstaklingspróf	30
5.2.2	Erlend próf og túlkpróf	30
5.3	VERKLEGT PRÓF	31
5.3.1	Munnlegt próf	31
5.3.2	Aksturspróf	31
5.3.3	Verklegt próf með aðstoð túlks	31
5.4	PRÓFBIFREIÐIN	32
5.5	PRÓFDÆMING	32
6.	KAFLI	33
	AKSTURSMAT	33
6.1	MARKMIÐ	33
6.2	TILHÖGUN	33
6.3	UMSJÓN	33
	VIÐAUKI	
	SKIPULAG ÖKUNÁMS SAMKVÆMT NÁMSKRÁ	34

1. Kafli

Skipulag ökunáms

1.1 Inngangur

Umferðarstofa setur námskrár fyrir einstaka flokka ökunáms, að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfestir síðan námskrár. Námskrá fyrir hvern réttindaflokk skal kveða á um þá þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast þau ökuréttindi.

Námskrá fyrir flokk B gefur heilsteypnan ramma um ökunám til almennra ökuréttinda fyrir fólksbifreið/sendibifreið. Byggt er á fimm grunnsjónarmiðum sem lýsa tilgangi, innihaldi og uppbyggingu námsins.

Markmiðssetning: Námsmarkmið mæla fyrir um þá þekkingu, hæfni og skilning sem krafist er af þeim sem vill öðlast ökuréttindi.

Samþætting: Akstursþjálfun og fræðilegt nám er fléttað saman þannig að ökunámið verður heildrænna og árangursríkara.

Efnisval: Námsþættir í fræðilegu námi eru sérstaklega valdir til stuðnings verklegri þjálfun.

Prepaskipting náms: Þrepum er raðað í áfanga frá því einfalda til hins flókna og samsetta.

Skipulag: Gert er ráð fyrir að sérhver nemi fylgi skipulagi sem fellur að hans þörfum. Hann getur fylgst með stöðu sinni í náminu hverju sinni og séð hvaða þáttum ökunámsins er ólokið.

Réttindi sem ökuskírteini veitir hefur mikla þýðingu fyrir einstaklinginn, hreyfanleika hans og samfélagið í heild. Heimild til að aka fylgir ábyrgð sem samfélagið gerir kröfu um að ökumaðurinn standi undir. Allt ökunám skal miða að því að akstri verðandi ökumanns fylgi sem mest öryggi og sem minnst hætta fyrir hann sjálfan og aðra.

1.2 Meginmarkmið

Ökukennslan skal hafa það að meginmarkmiði að neminn tileinki sér það viðhorf og þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að hann aki:

- *með sem mestu öryggi,*
- *með fullri fyrirhyggju og framsýni,*
- *með fullu tilliti til öryggis og heilsu annarra og umhverfisins og*
- *í samræmi við fyrirmæli umferðarlaga, reglugerða og annarra fyrirmæla sem sett eru um akstur og umferð.*

Markmiðin segja til um hvað ökuneminn á að kunna, skilja og þekkja til að fá útgefið ökuskírteini sem heimilar honum að halda áfram sjálfsnámi. Markmiðin eru því leiðbeinandi fyrir ökunema, ökukennara, ökuskóla og prófdómara. Að loknu ökunámi og ökuþrófi hefst reynslutímabil þar sem reynir á ábyrgð og öryggi ökumanns en talið er að full færni náist ekki fyrr en eftir 5 - 7 ára akstur. Þeirri færni þarf svo að fylgja eftir með stöðugri þjálfun, sjálfs gagnrýni og endurmenntun.

1.3 Prepaskipting

Í 2. kafla námskrárinnar eru námsmarkmið verklega námsins en þau fylgja fimm þrepum. Þrepin ná fyrst til einfaldra undirstöðuatriða og síðar til þess samsetta og flókna sem krefst samhæfingar þátta eins og réttar skynjunar, framsýni og rétttra viðbragða. Hver einstakur flokkur athafna við stjórn ökutækis er þjálfaður og færður til sjálfvirkni um leið og nýjum athöfnum er bætt við.

Þrep verklegrar þjálfunar eru þessi:

- 2.1. þrep: Grunnþjálfun
- 2.2. þrep: Akstur í umferð
- 2.3. þrep: Akstur í þéttbýli
- 2.4. þrep: Akstur í dreifbýli
- 2.5. þrep: Akstur við erfið skilyrði.

Námskráin tekur mið af því að akstur er flókin athöfn sem gerir miklar kröfur til ökumanns því hann verður alltaf að hafa fulla stjórn á ökutækinu.

Sá þáttur sem ræður mestu um öryggi ökumanns er hvernig honum tekst til við öflun upplýsinga og að vinna úr þeim. Honum verður að vera umhugað um öryggi allra í umferðinni og að sýna rétta umferðarhegðun.

Í verklegri þjálfun er mikilvægt að fylgja eðlilegri uppbyggingu athafna sem næst þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í námskránni.

Verkleg þjálfun skal fara fram samhliða fræðilegu námi. Stefna skal að því að nemi ljúki a.m.k. 1. þrepi í verklegu námi áður en hann hefur fræðilegt nám í ökuskóla. 5. þrep skal vera hluti af lokaundirbúningi fyrir ökuþróf.

1.4 Fræðilegur hluti ökunáms

Í 3. kafla námskrárinnar eru námsmarkmið fræðilega námsins en þau skiptast í þessa **námsþætti**.

- 3.1 Inngangur
- 3.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin
- 3.3 Umferðarhegðun
- 3.4 Mannlegir þættir
- 3.5 Ábyrgð ökumanns.

Hverjum námsþætti er skipt í undirmarkmið. Í verklega hluta námskrárinnar er vísað til þessara markmiða til að sýna hvaða þætti fræðilegrar undirstöðu neminn þarf að hafa tileinkað sér við tiltekin þrep í verklegu námi.

Bóklegum hluta ökunáms má skipta í þrjá hluta.

Fyrsti hluti - ökuskóli (Ö₁) (námsþættir 1 - 3) fjallar um almenn atriði er varða

- ökuskírteinið og ökuréttindi,
- bifreiðina,
- umferðarheildina,
- umferðarlög,
- umferðarmerki,
- umferðarhegðun og loks
- almenn viðhorf í umferðinni.

Annar hluti - ökuskóli (Ö₂) (námsþættir 1 - 5) fjallar um almenn og sérhæfð atriði er varða

- upprifjun á námsþáttum 1 - 3,
- umferðarsálfræði,
- áhættuþætti umferðar ,
- viðhorf og ábyrgð ökumannsins,
- opinber viðurlög við brotum og
- skyndihjálp.

Þriðji hluti - ökugerði (Ö₃) (námsþættir 3, 4 og 5) fjallar um sérhæfð atriði er varða

- hraða og veggrip
- öryggis- og verndarbúnað
- áhættumat
- viðhorf til umferðaröryggis og
- ábyrgð ökumanns á innra öryggi.

1.5 Ferli ökunáms

Ökukennsla er í höndum ökukennara, ökuskóla og ökugerðis. Ökukennari ber ábyrgð á að nemi hafi fengið fullnægjandi kennslu (fræðilega og verklega) í samræmi við námskrá.

Kennsluakstur má ekki fara fram fyrr en neminn hefur náð 16 ára aldri. Fræðilegur hluti ökunáms skal að jafnaði fara fram í ökuskóla. Bóklegt nám missir gildi ef meira en 12 mánuðir líða frá lokum náms þar til viðkomandi gengst undir próf. Víkja má frá þessum ákvæðum vegna sérstakra aðstæðna.

Kennsla í akstri við erfið skilyrði skal að hluta fara fram í ökugerði. Þessi kennsla má ekki fara fram fyrr en ökunemi hefur lokið fyrsta og öðrum hluta bóklegs náms (\ddot{O}_1 og \ddot{O}_2) og sem nemur 14 verklegum kennslustundum hjá ökukennara hið minnsta. Henni skal að jafnaði vera lokið áður en verklegt próf fer fram.

Nemar eru mismunandi og aðstæður þeirra með ýmsum hætti eftir upplagi, efnahag og búsetu. Ökunámið þarf því að laga að þörfum hvers og eins. Til viðbótar við kennsluakstur getur ökuneminn valið að hefja æfingaakstur með leiðbeinanda.

Ökunámi lýkur formlega með akstursmati þegar bráðabirgðaskírteini er endurnýjað í fullnaðarskírteini. Akstursmat er sérhæfð kennslustund sem farið er í áður en sótt er um fullnaðarskírteini, sjá nánar í 6. kafla.

Helstu leiðir í ökunámi eru þessar:

Ökukennari - ökuskóli - ökuþróf. Nemi byrjar í kennsluakstri með ökukennara og um leið í bóklegu námi í ökuskóla og fer síðan í ökuþróf þegar hann er reiðubúinn. (Námstími einn og hálfur til tveir mánuðir).

Blönduð leið. Neminn byrjar samtímis í kennsluakstri og ökuskóla eins og að framan. Eftir grunnundirbúning hjá ökukennara fær hann æfingaleyfi og getur byrjað í æfingaakstri með leiðbeinanda en haldið samt áfram í kennsluakstri. Ökukennarinn leiðbeinir þá um hvað sé æft með leiðbeinanda hverju sinni. Þannig vinna ökukennarinn og leiðbeinandinn saman að þjálfun nemans fram að ökuþrófi. (Námstími 2 - 3 mánuðir).

Viðbótarþjálfun með leiðbeinanda. Neminn byrjar eins og að framan en fer samtímis aðeins í fyrsta hluta ökuskólans (\ddot{O}_1). Þegar undirbúningi er lokið fær hann æfingaleyfi sem hann nýtir með leiðbeinanda. Æskilegt er að ökukennarinn sé tiltækur með ráðleggingar á því tímabili. Þegar líður að próftöku fer ökunemi í annan og þriðja hluta ökuskólans (\ddot{O}_2 og \ddot{O}_3) og lýkur undirbúningi fyrir ökuþrófið. Ökukennari leggur síðan lokamat á hvort neminn sé reiðubúinn í próf. (Námstími 3 - 15 mánuðir).

1.6 Fjöldi kennslustunda í ökunámi

Ökunemi skal fá þann tíma til ökunáms sem hann þarf til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í námskránni.

Miða skal við að fjöldi kennslustunda í bóklegu námi sé að lágmarki 25.

Kennslustundir í verklegu námi skulu að jafnaði vera 17 - 25. Gera má ráð fyrir að sumir nemar þurfi fleiri kennslustundir.

Af þessum kennslustundum í verklegu námi skulu 2 fara fram í ökugerði. Þriðji hluti bóklega námsins (\ddot{O}_3) skal fara fram samtímis (í sömu kennslulotu) og skal vera að lágmarki þrjár kennslustundir (af 25 í heild).

Kennslustund er miðuð við 45 mínútur. Heimilt er að stytta eða lengja kennslustundir en gæta verður að því að heildartími haldist.

Kjósi ökunemi að nýta sér æfingaakstur með leiðbeinanda sem viðbót við þjálfun ökukennarans þarf ökuneminn að hafa fengið nauðsynlegan bóklegan og verklegan undirbúning. Hann þarf þannig að hafa lokið fyrsta hluta bóklega námsins (\ddot{O}_1) og u.þ.b. 10 kennslustundum í verklegu námi.

Í viðauka eru leiðbeiningar um fjölda kennslustunda í einstökum námsþáttum og um tengingu náms á bóklegu námskeiði við kennsluakstur og kennslu í ökugerði.

1.7 Æfingaakstur með leiðbeinanda

Til viðbótar kennslu hjá ökukennara er ökunema heimilt að æfa akstur bifreiðar með leiðbeinanda í stað ökukennara, enda hafi nemið fengið nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara og leiðbeinandinn fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Ökukennari skal veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu æfingaakstursins og leiðbeina honum um framkvæmd, svo sem með því að leiðbeinandinn fylgist með kennslustund nemandans í akstri, og upplýsa hann um þær hættur sem fylgja æfingaakstri.

Mælt er með að leiðbeinandinn noti sérstakan baksýnisspegil inni í bifreið og augnspegil til að fylgjast með athygli ökunema.

1.8 Ökunámsbók – ökunámsferill

Við upphaf kennslu skal ökukennari afhenda ökunema *ökunámsbók*. Hún skal sýna feril ökunáms frá upphafi þar til ökuþróf er staðið.

Færðar verði í ökunámsbók þær upplýsingar um kennslustundir sem nemi tekur í ökuskóla og hjá ökukennara, svo og upplýsingar um þann tíma sem varið er til æfingaaksturs með leiðbeinanda.

Ökunámsbók skal gerð samkvæmt fyrirmælum Umferðarstofu.

1.9 Hlutverk og skyldur ökukennara, ökuskóla og ökugerða

Öll ökukennsla skal fara fram í samræmi við námskrá og aðrar reglur um ökukennslu.

Námskráin segir til um það hlutverk sem ökukennarar, ökuskólar og ökugerði hafa í ökukennslu og þær skyldur sem hvíla á herðum þeirra varðandi undirbúning nemans áður en hann gengst undir ökuþróf og öðlast ökuréttindi.

Sýni ökukennari, ökuskóli eða ökugerði veruleg frávik frá fyrirmælum námskrár eða annarra reglna um starfsemi ökukennara, ökuskóla og ökugerða geta ákvæði um viðurlög komið til framkvæmda, þ.e. svipting ökukennararéttinda eða afturköllun starfsleyfis ökuskóla eða ökugerðis.

1.10 Skipulag námskrár

Ökunámið er varðað með þremur viklegrar kennslu í 2. kafla. Á hverju þrepi er sett fram meginmarkmið sem greint er í fleiri undirmarkmið. Þar er einnig tilvísun í fræðilegt nám úr 3. kafla sem nemið þarf að tileinka sér samhliða þeim markmiðum.

Námsmarkmiðin eiga að byggja traustan grunn að áframhaldandi sínámi ökunemans sem leiðir til ábyrgðar og öryggis í akstri þegar fram líða stundir. Námskránni er ætlað að gefa leiðbeiningar til þeirra sem annast ökukennslu um aðstæður sem skapa ökunema sem best námsskilyrði í ökunámi.

2. Kafli

Verklegur hluti

2.1 Grunnþjálfun

Markmið þessa hluta er að neminn tileinki sér nauðsynleg undirstöðuatriði við stjórn bifreiðar áður en hann lærir að fást við samskipti við aðra vegfarendur.

2.1.1 Undirbúningur aksturs

Neminn kunni að

- *stilla sæti og höfuðpúða*
- *sitja í réttum stellingum*
- *stilla spegla*
- *nota öryggisbelti og strekkja þau fyrir akstur.*

2.1.2 Stjórn tæki og ræsing

Neminn kunni að

- *stjórna fetlum, gírurum, kveikjulás og handhemli*
- *ræsa og drepa á vél*
- *setja á stefnuljós*
- *setja á stöðuljós, háu ljósin og þau lágu*
- *halda rétt um stýri.*

2.1.3 Aka af stað - stöðva bifreið

Neminn kunni að

- *beita athygli og gefa merki*
- *nota eldsneytisgjöf, kúplingu og hemla*
- *fá yfirsýn á veg*
- *ganga tryggilega frá bifreið að akstri loknum.*

2.1.4 Hægri og vinstri beygjur í gatnamótum

Neminn kunni að

- *halda rétt um stýri og stýra með réttum handahreyfingum*
- *nota stefnumerki og stýra samtímis*
- *fylgjast með umferð og gefa rétt merki*
- *minnka hraða áður en beygt er*
- *staðsetja ökutækið, bæði rétt fyrir og eftir beygju.*

2.1.5 Gírskipting og hemlun

Neminn kunni að skipta um gír og samtímis

- *sjá fram á veginn*
- *nota kúplingu og eldsneytisgjöf á réttum tíma og á réttan hátt.*

Neminn kunni að draga úr hraða og samtímis

- *að sjá langt fram á veginn og aftur fyrir sig*
- *að hemla eðlilega til að nema staðar vegna hindrunar*
- *akstur er undirbúinn með því að enda í 1. gír rétt fyrir stöðvun bifreiðar.*

Neminn kunni að gíra ökutæki niður samtímis því að hann

- *fylgist með því sem er framundan*
- *fylgist með ganghraða og ferð bifreiðar og velur lægri gír*
- *velur réttan gír í samræmi við hraða bifreiðar og umferð.*

2.1.6 Snigilakstur og tekið af stað í brekku

Neminn skal geta ekið hægt samtímis því að hann

Fræðileg tenging

3.1 Inngangur

- 3.1.1 Yfirlit yfir ökunámið
- 3.1.2 Ökuréttindaflokkar og skilyrði til að fá ökuskipti
- 3.1.3 Stofnanir umferðarmálefna

3.2 Ökutækið-vegurinn-umferðin

- 3.2.1 Búnaður ökutækis og notkun
- 3.2.2 Vegurinn
- 3.2.3 Umferðarumhverfi
- 3.2.4 Áhætta, umferðarslys og orsakir
- 3.2.5 Ökumaður, ökutæki og vegurinn
- 3.2.6 Umferðarlöggjöfin.

- *stjórnar og stillir af hraðann með kúplingu*
- *samstillir sniglakstur og stýrishreyfingar.*

Neminn skal geta tekið af stað í brekku með því að

- *nota handhemil til að hindra bakrennsli*
- *nota fóthemla til að hindra bakrennsli*
- *nota kúplingu þannig að bifreiðin haldist kyrr þar til ekið er af stað.*

2.1.7 Akstur aftur á bak

Neminn kunni að

- *snúa sér með viðeigandi hætti í sæti, gá að sér, nota spegla og bakka á ákveðinn stað*
- *bakka og hafa um leið stjórn á hraða bifreiðar með kúplingu.*

2.1.8 Öryggisskoðun og rekstur bifreiðar

Neminn kunni að athuga hvort bifreið sé örugg og í lögmæltu ástandi með því að greina galla og slit í

- *hemlum*
- *öryggisbeltum*
- *hjólborðum og hjólabúnaði*
- *stýrisbúnaði*
- *ljósabúnaði*
- *þurrkum*
- *rúðum*
- *vél (smur-, kæli- og rafkerfi).*

Neminn kunni að athuga hvort nauðsynlegir fylgihlutir og öryggisbúnaður fylgi bifreið svo sem

- *varahjólbarði*
- *tjakkur og felgulykill*
- *viðvörðunarþríhyrningur*
- *sjúkrakassi og slökkvitæki.*

Neminn kunni að fylgjast með og athuga ástand vökva og kunni að bæta

- *vatni og frostlegi á kælikerfi*
- *vökva á rúðusprautur*
- *hemlavökva á forðabúr hemla og aflstýris*
- *olíu á vél*
- *eldsneyti á eldsneytisgeymi.*

Fræðileg tenging

3.3 Umferðarhegðun

- 3.3.1 Grunnreglur fyrir atferli umferðar
- 3.3.2 Athyglisæknir
- 3.3.3 Merki og tákn
- 3.3.4 Hraði og aðstæður
- 3.3.5 Staða á vegi
- 3.3.6 Forgangur í umferð
- 3.3.7 Bakkað og snúið við
- 3.3.8 Stöðvun og lagning ökutækja
- 3.3.9 Áhætta og áhættumat
- 3.3.10 Akstur í myrkri og ljósaskiptum
- 3.3.11 Gangbrautir
- 3.3.12 Aðreinar og fráreinar - langakstur á þjóðvegum/hraðbrautum
- 3.3.13 Framúrakstur og akstur á malarvegum.

2.2 Akstur í umferð

Markmið þessa hluta er að neminn noti og tengi undirstöðuviðbrögð við stjórn bifreiðar við samskipti við aðra vegfarendur. Hann noti skynfæri á fullnægjandi hátt, túlki vísbendingar umferðarinnar rétt, taki réttar ákvarðanir og bregðist rétt við.

2.2.1 Beiting og samtenging undirstöðupáttá

Neminn kunni að

- nota athyglina kerfisbundið áður en ákvörðun er tekin um viðbrögð
- nota augu kerfisbundið; líta langt fram á veginn og reglulega til hliðanna og í inni- og útspeglu
- afla sér upplýsinga um áhættuþætti, hindranir og fyrirsjáanlegar hættur í umferðinni
- nota réttar aðferðir við merkjagjöf, stöðu á vegi og hraðaval.

Neminn geti ekið að og um gatnamót í lítilli umferð og samtímis

- tekið eftir gatnamótunum í tæka tíð
- gætt að gangandi vegfarendum á gangbraut og við gatnamót
- gætt að umferð á móti
- brugðist með réttum hætti og á réttum tíma við hættum.

Neminn geti ekið milli gatnamóta í lítilli umferð og samtímis

- greint áhættuþætti tengda viðvörun umferðarmerkja, legu vegar, brekkum og stöðum þar sem vegsýn er takmörkuð
- skipt rétt um akrein
- valið viðeigandi hraða.

2.2.2 Akstur á akreinaskiptum vegum

Neminn kunni að

- greina hvenær hann ekur á vegi með fleiri en einni akrein í sömu átt,
- beita undirstöðuatríðum við akreinafari
- greina umferðaraðstæður sem kalla á akreinaskipti
- nota hægri akrein að staðaldri, en vinstri þegar eðlilegt er og nauðsyn ber til
- skipta um akrein
- halda réttri stöðu þegar beygt er á vegamótum
- gefa stefnumerki, staðsetja sig rétt og velja viðeigandi hraða.

2.2.3 Einstefnuvegir

Neminn kunni að

- greina hvaða vegir eru einstefnuvegir
- sýna rétta stöðu á vegi og tillitssemi
- sýna rétta stöðu á vegi í vinstri beygju á vegamótum
- greina sérstakar hættur.

2.2.4 Akstur í þéttri umferð

Neminn kunni að

- fá góða yfirsýn
- stilla hraða miðað við aðstæður hverju sinni
- velja rétta merkjagjöf
- velja tímanlega rétta akrein miðað við fyrirhugaða akstursleið
- velja réttan stað til að nema staðar við stöðvunarskyldu.

2.2.5 Ljósastýrð gatnamót

Neminn kunni að

- fá góða yfirsýn
- velja hraða miðað við aðstæður
- bregðast rétt við skilaboðum umferðarljósá
- meta aðstæður rétt og sýna rétt viðbrögð í beygju við ljósastýrð gatnamót
- velja réttan stað til að nema staðar við gatnamót.

2.2.6 Hringtorg

Neminn kunni að

- fá góða yfirsýn
- velja hraða miðað við aðstæður
- halda réttri stöðu á vegi, hvort heldur er áður en ekið er inn í hringtorg, í því eða þegar ekið er út af því
- gefa viðeigandi stefnumerki.

2.2.7 Forgangur í umferð

Neminn fylgi reglum um forgang í umferð og sýni aðgát við vegamót, sérstaklega þar sem aðrir vegfarendur eiga forgang.

2.2.8 Vistakstur

Neminn kunni að aka með hagkvæmnum hætti með það fyrir augum að

- lágmarka eldsneytiseyðslu
- draga úr sliti vélar og álagsflata
- draga úr mengun umhverfis
- auka umferðaröryggi.

2.3 Akstur í þéttbýli

Markmið þessa hluta er að neminn lagi sig að kröfum umferðarinnar og aki sjálfstætt í misþéttri umferð.

2.3.1 Beiting og samtenging grunnþátta

Neminn kunni að

- laga sig að takti umferðarinnar í stöðugum akstri.

2.3.2 Akstur við sérstakar aðstæður

Neminn kunni að

- aka með tillitssemi í þéttri umferð
- aka með sérstakri gætni yfir og við gangbraut
- sýna gætni við akstur við þröngar aðstæður.

2.3.3 Snúa við og lagning bifreiðar

Neminn kunni að

- stöðva, snúa við og leggja ökutæki í þröngum götum
- velja bílastæði samkvæmt merkingum
- nota bílageymsluhús þar sem þau eru.

2.3.4 Akstur í íbúðahverfum

Neminn kunni að

- velja þannig akstursleið að raski ekki ró íbúa að óþörfu
- aka þannig um götur að íbúum sé ekki hættu búin
- nota frekar safn- og tengibrautir en að aka um húsagötur.

2.3.5 Akstur í mismikilli umferð

Neminn kunni að

- velja aksturshætti sem stuðla að öryggi, tillitssemi og verndun umhverfis
- sjá fyrir tímanlega og meta áhættuþætti í umferðinni
- taka tillit til eigin takmarkana og haldi þannig alltaf fullri stjórn á ökutæki miðað við aðstæður.

Fræðileg tenging

3.4 Mannlegir þættir

- 3.4.1 Umferðarsálfræði
- 3.4.2 Akstursferlið
- 3.4.3 Áhrifaþættir ökumansins
- 3.4.4 Hópar ökumanna og sérkenni þeirra
- 3.4.5 Kröfur umferðarinnar og geta ökumans.

2.4 Akstur í dreifbýli

Markmið þessa hluta er að neminn þroski færni sína í þá veru að líta á akstur og umferð sem félagsleg samskipti.

Undirstöðuatriði við akstur í dreifbýli

Neminn kunni að

- halda stöðugri stefnu
- halda bifreið stöðugri í sveig
- forðast óþarfa hraðabreytingar
- skipta um akrein á mikilli ferð
- auka hraða eðlilega og skyndilega, 0 - 80 km/klst
- hemla eðlilega og nauðhemla, 80 - 0 km/klst
- hætta við eðlilega hemlun og auka hraðann skyndilega.

Fræðileg tenging

3.5 Ábyrgð ökumanns

- 3.5.1 Skráning og eigendaskipti
- 3.5.2 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi
- 3.5.3 Fjárhagsleg ábyrgð
- 3.5.4 Viðbrögð stjórnvalda - viðurlög
- 3.5.5 Skyldur ökumanns á slysstað
- 3.5.6 Aðkoma að slysstað.

2.4.1 Aðreinar og fráreinar – hraðaval

Neminn kunni að

- meta hraða ökutækis og fjarlægð að eða frá vegamótum, aðrein og frárein
- greina merkingu umferðarmerkja í tíma
- falla eðlilega inn í umferð, án truflunar fyrir aðra ökumenn, þegar ekið er af aðreinum
- taka tillit til þungra ökutækja og bifhjóla
- beita neyðarviðbrögðum svo sem nauðhemlun ef á þarf að halda til að forðast árekstur við vegamót.

2.4.2 Akstur á þjóðvegum

Neminn kunni að

- afla sér upplýsinga um veginn og fyrirhugaðar akstursleiðir
- velja viðeigandi stefnu og hraða miðað við birtu, veður, færð, farm bifreiðar og aðra umferð
- greina hættu sem getur stafað af búfé á og við veg
- meta mismunandi ástand og gerðir yfirborðs vegar
- aka um blindhæðir og einbreiðar brýr
- varast hraðablindu
- meta hraða og stöðu ökutækja sem hann mætir og skilji mikilvægi þess að draga úr hraða þegar mæst er
- þekkja mismuninn á íslenskum þjóðvegum og erlendum hraðbrautum og þau skilyrði sem liggja til ákvörðunar á leyfilegum hámarkshraða á vegum.

2.4.3 Framúrakstur

Neminn kunni að

- meta möguleikann á framúrakstri með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna
- taka ákvörðun um hvenær öruggt er að hefja framúrakstur og hvenær rétt er að hætta við hann
- sýna réttar aðgerðir vegna framúraksturs, svo sem notkun stefnuljósa og spegla
- fylgjast náið með umferð að baki við framúrakstur
- taka ákvarðanir og bregðast rétt við viðbrögðum þess sem ekið er framúr.

2.5 Akstur við erfið skilyrði

Markmið þessa hluta er að neminn átti sig á þeirri hættu sem fylgir akstri og eigin takmörkunum og kunni að bregðast með öryggi við breytingum á veðri, veggripi og birtuskilyrðum. Auka á skilning nemans á þýðingu þess að forðast hættulegar aðstæður.

Fræðileg tenging (2 kennslustundir – bókleg og verkleg kennsla samtímis)

3.3 Umferðarhegðun

- 3.3.4 Hraði og aðstæður
- 3.3.9 Áhætta og áhættumat
- 3.3.13 Framúrakstur og akstur á malarvegum

3.4. Mannlegir þættir

- 3.4.3 Áhrifaþættir ökumansins

3.5 Umferðarhegðun

- 3.5.2 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi

2.5.1 Akstur í ökugerði

Neminn verður að kynna að einhverju marki áhrifum náttúrulegum á bifreiðina. Neminn fái að reyna þá erfiðleika sem akstur ökutækja á mismiklum hraða á vegum með takmörkuðu eða breytilegu viðnámi hefur í för með sér. Nemanum skal gert ljóst hversu auðvelt og fyrirvaralaust er hægt að missa stjórn á bifreið við þverrandi veggripi svo sem í hálfu, bleytu og lausamöl. Honum skulu gerð ljós eigin viðbrögð og hvað hann geti gert til að afstýra óhappi ef í ljós kemur að hemlunarvegalengdin verður meiri en að hindrun. Einnig skal hann látinn reyna hemlun og beygju á vegi með mismunandi yfirborði og mismiklu viðnámi og mismunandi hraða svo hann geti borið eigin viðbrögð saman við þau sem réttust eru við slíkar aðstæður til að halda fullri stjórn á bifreið. Neminn skilji mikilvægi þess að forðast hættur og fái möguleika á að meta á raunhæfan hátt eigin aksturshæfni. Neminn skal látinn reyna hemlun bifreiðar með ABS hemlakerfi (hemlun með læsivörn).

Þegar skrikvagn er notaður er gert er ráð fyrir því að allt að þrjú ökunemar séu samtímis í bifreið með ökukennara. Nemarnir aka til skiptis. Eftir hverja æfingu skal ræða hvernig tókst til.

Neminn skal á mismunandi hraða og við mismunandi veggripi

- finna hvernig er að stýra, hemla, beygja frá hindrun, renna til og ná veggripi að nýju, jafnt á beinni braut sem og í beygju
- finna sambandið milli hraða og hemlunarvegalengdar
- reyna mismunandi hemlunaraðferðir og hvenær rétt sé að nota þær
- finna hvernig er að hemla og stýra samtímis
- finna hvernig er að missa hjól bifreiðar að hluta út fyrir bundið slitlag þar sem hæðarmunar gætir og hvernig á að færa hjólin inn á bundna slitlagið aftur

Neminn útskýri

- tengsl á milli hraða, yfirborðs vegar og þess að halda stjórn á ökutæki
- hve erfitt er að meta áhrif af yfirborði vegar
- áhrif reynslu á hæfileika til að meta hættur
- leiðir til að forðast hættulegar aðstæður og nauðsyn þess að fara eftir þeim
- virkni öryggisbúnaðar bifreiðarinnar

2.5.2 Akstur í myrkri

Neminn skal

- vita að gangandi vegfarendur telja ökumann koma auga á sig mun fyrr en hann gerir
- þekkja raunverulega vegsýn ökumanns í myrkri við lág ljós annars vegar og há ljós hins vegar
- þekkja sjónfjarlægðir að gangandi vegfaranda eftir því hvort lágu ljósin eru notuð eða þau háu
- skilja þýðingu þess að gangandi vegfarendur beri endurskinsmerki
- æfa sig í akstri við ýmsar aðstæður í myrkri og læra að velja öruggan hraða með tilliti til aðstæðna
- nota ljós rétt þegar mæst er, við akstur á eftir öðrum og við framúrakstur í myrkri.

Neminn þekki

- *rétta notkun ljósa þegar ökutæki mætast í myrkri*
- *sjónfjarlægðir þegar mæst er*
- *áhættuþætti þegar mæst er í myrkri*
- *rétta notkun ljósa hjá þeim sem ekur framúr í myrkri og hjá þeim sem ekið er framúr*
- *áhættuþætti við framúrakstur í myrkri*
- *áhættuþætti sem fylgja stöðvun í vegkanti í myrkri*
- *aðferðir til að vekja athygli annarra á sér við neyðaraðstæður*
- *rétta ljósanotkun þegar leggja þarf bifreið við vegkant í myrkri*
- *áhættuþætti sem fylgja því að skilja við bifreið á hættulegum stað í myrkri*
- *aðferðir við að koma vélarvana bifreið af vegi*
- *rétta notkun þokuljósa.*

3. Kafli

Fræðilegur hluti

3.1 Inngangur

Hér fæst yfirlit yfir fræðilega hluta námskrárinnar. Tilgreint er hvaða skilyrði neminn þarf að uppfylla til að fá ökuréttindi og hvaða reglur gilda um hvernig hann uppfyllir þau skilyrði. Mikilvægt er að neminn sjái víðari tilgang með náminu en þann einan að fá ökuskírteinið.

3.1.1 Yfirlit yfir ökunámið

Neminn þekki

- *helstu markmið þessarar námskrár*
- *að kennslunni er skipt í bóklegan hluta og verklegan sem eiga að tengjast þannig saman að kennslan skili sem mestum árangri*
- *reglur sem gilda um ökunema í kennsluakstri á bifreið hjá ökukennara*
- *ábyrgðina sem fylgir kennslu- og æfingaakstri og að hann megi ekki vera til óþæginda fyrir aðra né stofna þeim í hættu og hvaða afleiðingar það hefur ef reglum er ekki fylgt*
- *reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda.*

3.1.2 Ökuréttindaflokkar og skilyrði til að fá ökuskírteini

Neminn þekki

- *hvaða kröfur eru gerðar af yfirvöldum til þeirra sem vilja fá ökuskírteini*
- *flokka ökuréttinda og viti hvaða ökutæki hver flokkur veitir réttindi til að stjórna*
- *helstu skilyrði, svo sem aldursmörk, námskröfur og heilbrigði sem þarf að uppfylla til að öðlast tiltekin ökuréttindi*
- *helstu þætti samvinnu Evrópuþjóða um ökuskírteini og reglur um búsetuskilyrði.*

3.1.3 Stofnanir umferðarmálefna

Neminn þekki stofnanir umferðarmálefna og helstu hlutverk þeirra. Hann þekki a.m.k. til

- *Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins*
- *Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins*
- *lögreglunnar*
- *skoðunarstöðva bifreiða*
- *sýslumannsembætta*
- *Umferðarstofu*
- *Vegagerðarinnar.*

3.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin

Gerð og búnaður ökutækis skiptir miklu fyrir öryggi farþega. Miklar kröfur eru gerðar til öryggisbúnaðar fyrir ökumann og farþega. Mikilvægt er að fylgst sé með þessum búnaði og þess gætt að endurnýja búnað ef hann skemmist eða slitnar eftir langvarandi notkun. Ökuneminn verður að læra aðferðir til að greina bilanir og gera sér grein fyrir nauðsyn reglubundins eftirlits með öryggisbúnaði ökutækisins.

Hagkvæmur rekstur ökutækisins skiptir miklu máli fyrir verndun umhverfisins.

Neminn þarf að læra helstu reglur um hönnun gatna og vega og hvaða umferðarmannvirki, akreinar og útskot eru notuð til að greiða leið ökumannsins og annarra vegfarenda. Einnig þarf hann að þekkja yfirborðsmerkingar á vegum og umferðarmerki sem eru á og við veg, merkingu þeirra og hvernig ber að bregðast við þeim.

Umferðin er samvinna allra vegfarenda sem vilja komast leiðar sinnar og stefna samtímis að því marki að tryggja öryggi allra sem ferðast um í umferðinni og þeirra sem búa eða starfa nálægt vegum.

3.2.1 Búnaður ökutækis og notkun

Neminn geti metið ástand bifreiðar og kannað hvort kröfum reglna um búnað er fullnægt og geti greint bilanir eða slit sem kunna að gera bifreiðina ótrygga eða óhæfa í notkun.

Þar er einkum átt við

- *hemla*
- *hjólábúnað*
- *stýrisbúnað*
- *ljósabúnað*
- *öryggis- og verndarbúnað.*

Neminn viti að útblástur frá vél er eitruður og þekki ráð fyrir ökumenn til að draga úr hættu á að skaða sjálfan sig, farþega, aðra vegfarendur eða umhverfi.

Neminn þekki

- *tilgang búnaðar, svo sem hvarfakúts, til að draga úr eiturofti í útblæstri frá vél bifreiðar*
- *aðferðir til að draga úr mengun svo sem með því að láta bifreið ekki ganga í lausagangi að óþörfu*
- *gagnsemi akstursbókar fyrir hagkvæman rekstur bifreiðar.*

Neminn geti gert öryggisskoðun á hemlum og hjólábúnaði og þekki meðal annars

- *hve langt hemlafetill megi fara að gólfi áður en hemlar virka*
- *að hemlunarvirknin getur breyst vegna bleytu*
- *virkni ABS hemlakerfis og afleiðingar þess að læsa hemlum á ferð*
- *lágmarksdýpt mynsturs á sólum hjólbarða og helstu reglur um hvernig hjólbarða megi nota*
- *hvenær megi nota neglda hjólbarða, t.d. að ekki megi nota þá að sumrinu til, og viti að þrátt fyrir aukið öryggi í vetrarakstri valda negldir hjólbarðar skaða á yfirborði vega og hávaða- og loftmengun*
- *hver er eðlilegur loftþrýstingur í hjólbörðum og áhrif rangs loftþrýstings á slit hjólbarða, stýrisgetu bifreiðar, rásfestu og hemlun.*

Neminn geti gert öryggisskoðun á stýri, ljósum og öryggisbeltum og þekki meðal annars

- *að lítið sem ekkert slag má vera í stýri*
- *að ljós verða að vera í lagi og rétt stillt*
- *að öryggisbelti mega ekki vera slitin eða hafa orðið fyrir miklu átaki og hvernig megi prófa þau með því að toga og/eða rykkja í þau.*

Neminn viti að aksturseginnleikar bifreiða breytast við breytingar á fjaðrabúnaði, hjólbarðastærð og yfirbyggingu á breyttum bifreiðum og þekki þær hættur sem geta skapast í akstri slíkra bifreiða. Einnig þarf hann að vita að samþykki skoðunaraðila þarf til allra slíkra breytinga.

Neminn viti að óheppilegt og jafnvel hættulegt getur verið að gera viðamiklar breytingar á bifreiðum.

Neminn þekki helstu reglur um eftirvagna og tengitæki sem flokkur B heimilar að séu dregin. Hann þekki meðal annars

- *helstu gerðir tengibúnaðar og kunni að tengja og aftengja eftirvagn*
- *reglur um ljósabúnað eftirvagns og kunni að tengja rafkerfi eftirvagns við rafkerfi bifreiðar*
- *reglur um farm eftirvagns og hvernig hann er merktur ef hann stendur út af bifreið eða eftirvagni.*

Neminn viti hvar hann getur leitað sér upplýsinga um tæknilegan útbúnað bifreiða.

3.2.2 Vegurinn

Neminn þekki skilgreiningu á

- *vegi, akbraut, akrein og vegamótum*
- *stofnbrautum, safngötum, tengibrautum og húsagötum.*

Neminn geti útskýrt hvað átt er við með orðunum

- *útskot og áningastaður*
- *biðstöð hópibifreiða*
- *aðrein og frárein*
- *framhjáhlaup (slaufur)*
- *vegöxl*
- *gangbraut*
- *gangstígur*
- *hjólréiðastígur*
- *reiðvegur*
- *hringtorg.*

Neminn geti útskýrt hvaða upplýsingar umferðarmerki og yfirborðsmerkingar veita vegfarendum um varúð og akstur framundan.

Neminn þekki merkingu, tilgang, lit, lögun og staðsetningu umferðarmerkja, yfirborðsmerkinga og annarra merkja sem fyrir augu hans kunna að bera í umferðinni.

Neminn þekki þau fyrirmæli sem umferðarljós gefa vegfarendum og kunni að bregðast rétt við þeim.

Neminn þekki og skilji

- *merkjagjöf lögreglu við umferðarstjórn*
- *hljóð- og ljósmerki sem ökutæki í neyðarakstri nota öðrum til viðvörunar og kunni að víkja fyrir þeim ökutækjum*
- *ljós og aðrar umferðarmerkingar sem lögregla kann að nota við stjórn umferðar við hættuástandur*
- *umferðarreglur sem tengjast neyðarakstri og forgang hans í umferðinni.*

3.2.3 Umferðarumhverfi

Neminn kunni skil á meginatriðum í þróun umferðar undanfarna áratugi.

Neminn viti

- *að akstur er félagsleg hegðun sem gerir kröfur til ökumanns um tillitssemi og samvinnu við aðra vegfarendur*
- *hvers konar aksturshættir draga úr óþarfa eldsneytiseyðslu og mengun umhverfis*
- *hvernig koma má í veg fyrir óþarfa hljóð- og útblástursmengun og hvernig hann getur stuðlað að auknu öryggi íbúa með því að velja akstursleið fjarri íbúðabyggð*

- að ökumaður ber sérstaka ábyrgð á öryggi annarra eins og sínu eigin í umferðinni.

3.2.4 Áhætta, umferðarslys og orsakir

Neminn þekki til tölfræði og umfangs umferðarslysa í dag þar á meðal um

- fjölda slasaðra og látinna í umferðinni
- tegundir meiðsla
- umhverfisskaða
- kostnað samfélagsins af umferðarslysum
- helstu orsakir umferðarslysa
- á hvaða tíma sólarhringsins, mánaðarins eða ársins flest slys verða.

Neminn skilji að akstur ökutækis felur alltaf í sér hættu á meiðslum fyrir ökumann, farþega og aðra vegfarendur.

3.2.5 Ökumaður, ökutæki og vegurinn

Hlutverk þessa þáttar er einkum að móta viðhorf nemanda gagnvart ábyrgum akstri og meðferð ökutækis.

Neminn viti að umferðaröryggi er háð vegfaranda, ástandi og gerð ökutækis og ástandi og umhverfi vegar.

Neminn geti bent á hlutverk ökumanna í þessu samhengi og gagnsemi ökukennslu og annarrar fræðslu um umferð.

Neminn viti að

- liprum og jöfnum akstri fylgja margir kostir, t.d. minni eldsneytiseyðsla, minni hávaði og minna slit ökutækisins
- hröðum akstri fylgir slysaáhætta, aukin eldsneytiseyðsla, mengun og hávaði sem getur valdið óþægindum og ótta hjá öðrum vegfarendum.

Neminn skilji hvaða áhrif það hefur á umhverfi og auðlindir jarðar að nota vélknúin ökutæki og geti bent á hvað ökumaður getur gert til að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið.

Neminn viti hvar má aka bifreið og hvar ekki.

3.2.6 Umferðarlöggjöfin

Neminn þekki þau atriði sem snerta hann sem eiganda og/eða ökumann bifreiðar og þátttakanda í umferðinni úr

- umferðarlögum
- reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra
- lögum um náttúruvernd
- reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum
- reglugerð um ökuskráir
- reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota
- reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim
- reglugerð um gerð og búnað ökutækja
- öðrum lögum og reglum sem stjórnvöld setja um umferð.

Neminn þekki helstu atriði umferðarlaga og þeirra reglugerða sem löggin heimila að settar séu.

Neminn viti til hvaða sviða umferðarheildarinnar umferðarlögin og reglugerðirnar ná til.

3.3 Umferðarhegðun

Þessi hluti fræðilega námsins fjallar um þær grunnreglur í akstri sem leiða til ábyrgðar, öryggis og tillitssemi ökumanns við alla þá sem þátt taka í umferðinni og þá sem búa eða starfa nálægt vegi. Umferðarlögin og reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra eru tekin fyrir ásamt efni um líkamlega þætti og umferðarsálfræði. Neminn verður að öðlast skilning á þeirri áhættu sem fylgir akstri nýliða í umferðinni og læra leiðir til að forðast aðstæður í umferðinni sem auka hættu eða slysalíkur. Honum verður að vera ljóst að akstur er aldrei án áhættu og hann leggur þunga ábyrgð á herðar ökumanns og krefst fullrar einbeitingar hans.

3.3.1 Grunnreglur fyrir atferli umferðar

Neminn þekki varúðarreglu umferðarlaganna og skilji að rétt hegðun í umferðinni byggist á henni.

Neminn skilji að akstur felur í sér að afla þarf upplýsinga, meta þær rétt og bregðast við með öruggum hætti.

Neminn geti bent á a.m.k. þrenns konar aðgerðir sem grípa þarf til. Það er að

- gefa tákni, merki og aðrar upplýsingar til annarra vegfarenda
- haga hraða eftir aðstæðum
- halda sig á réttum stað á akbraut.

3.3.2 Athyglitækni

Neminn viti hvaða skynfæri eru ökumanni mikilvægust.

Neminn viti hvernig sjónsviðið skiptist í miðjusjónsvið og jaðarsjónsvið og hvernig þau tengjast athygli.

Neminn skilji hvernig nota skal sjónina kerfisbundið við akstur.

Neminn viti hvernig sjónsvið þrengist við aukinn hraða.

Neminn geti nefnt algengustu hættuáðstæður í umferðinni og þekki vísbendingar um yfirvofandi hættu.

Neminn þekki helstu atriði sem truflað geta athygli ökumanns í umferðinni.

3.3.3 Merki og tákni

Neminn geti gert grein fyrir að

- ökumanni ber að gefa tímanlega ljós- eða hljóðmerki, ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir hættuástand
- hljóðmerki má ekki valda öðrum óþægindum að óþörfu
- ljós má ekki nota þannig að aðrir fái ofbirtu í augun
- merki á að gefa tímanlega til þess að öðrum vegfarendum gefist ráðrúm til að taka á móti upplýsingum og haga sér eftir því
- merki um breytta akstursstefnu og um að aka eigi af stað frá brún akbrautar á að gefa með stefnuljósum
- hægt er að gefa öðrum upplýsingar með breyttum hraða og stöðu ökutækis á akbraut
- notkun ljósa er mikilvæg til að aðrir vegfarendur sjái bifreiðina.

3.3.4 Hraði og aðstæður

Neminn geti bent á og rökstutt á einfaldan hátt að val á hraða hefur grundvallarþýðingu fyrir rétta og örugga hegðun í umferð og viti að reglur um hámarkshraða ökutækja miðast ávallt við bestu aðstæður.

Neminn viti að hreyfiorka og miðflóttakraftur eykst með auknum hraða og viti hvaða hættu getur falist í þeirri aukningu.

Neminn viti hvers vegna og hvernig bifreið rennur til við minnkandi veggrip svo sem í lausamöl, bleytu eða hálfu.

Neminn geti skilgreint hugtakið veggrip og sagt til um hvað ræður því hversu öruggt það er.

Neminn geti gert grein fyrir

- *hvernig gott veggrip kemur að gagni við að hafa stjórn á bifreið við mismunandi aðstæður*
- *nauðsyn þess að veggrip sé sem jafnast á fram- og afturhjóllum.*

Neminn geti gert grein fyrir hvaða þýðingu mynsturdýpt hjólbarða, bleyta á bundnu slitlagi, aksturslag og hraði, og samspil þessara atriða, hefur fyrir veggrip.

Neminn geti útskýrt hvernig hemlunarvegalegd og veggrip breytist með hraða.

Neminn þekki hvaða áhrif hraði, hröðun og hemlun hefur á veggrip bifreiðar í beygju, þá sérstaklega í hálfu.

Neminn geti

- *greint á milli viðbragðsvegalegðar og hemlunarvegalegðar*
- *sagt til um hver stöðvunarvegalegd er við tiltekna aðstæður*
- *greint frá leiðum til að draga úr stöðvunarvegalegd.*

Neminn geti greint frá því hvaða áhrif það hefur á umferðaröryggi að vera athugull, að sjá fyrir hugsanlegar breytingar á aðstæðum og að vera ávallt viðbúinn því að þurfa að hemla.

Neminn geti sagt hversu langur vegur án hindrana þarf að vera framundan bifreið miðað við mismunandi hraða til að unnt sé að nema staðar á öruggan hátt.

Neminn viti hvernig er nauðhemlað og beygt frá hættu.

Neminn geti

- *nefnt hvað helst bregst þegar meta á fjarlægð og hraða*
- *bent á hvaða áhrif slík mistök geta haft á öryggi í akstri.*

Neminn viti að val á skynsamlegum ökuhraða er háð aðstæðum hverju sinni, svo sem staðháttum, færð, veðri og umferðarmagni.

Neminn geti nefnt staði og aðstæður þar sem ökumaður þarf að aka hægt og vera viðbúinn að nema staðar ef nauðsyn krefur.

Neminn þekki

- *almennar reglur um hraðaminnkun vegna viðvörunarmerkja sem vara við hættulegum aðstæðum framundan*
- *hver er hámarkshraði við mismunandi aðstæður í þéttbýli og utan þess*
- *reglur um mismunandi hámarkshraða eftir því hvaða ökutæki á í hlut.*

3.3.5 Staða á vegi

Neminn geti gert grein fyrir

- *hvað hugtakið „staða á akbraut“ merkir og skilji þörfina á reglum um stöðu ökutækja í akstri á akbraut fyrir umferðaröryggi*
- *að staða byggir á fjarlægð frá vegkanti og öðrum ökutækjum til hliðar og frá þeim sem á undan aka*
- *að bil milli ökutækja þarf að ákveða með tilliti til hraða og veggrips og kunni aðferðir til að velja hæfilegt bil að næsta ökutæki.*

Neminn kunni skil á reglum um stöðu ökutækja á vegi með tvær eða fleiri akreinar í sömu akstursstefnu.

Neminn viti að ökumaður á ekki að nauðsynjalaus að víkja til hliðar frá sínum stað á akbrautinni og þekki reglur um það þegar skipt er um akrein.

Neminn kunni skil á og geti rökstutt reglur um akstur og stöðu á vegamótum og í beygjum.

- Neminn þekki og geti tilgreint þýðingu umferðarmerkja sem
- *mæla fyrir um akstursstefnu, akreinafari eða akbrautaval*
 - *gefa til kynna að akreinum fækkar*
 - *banna vissar stefnubreytingar og/eða notkun ákveðinna akreina*
 - *segja til um forgang gagnvart annarri umferð.*

Neminn geti fundið öruggustu stöðu bifreiðar á akreini með tilliti til skyggis, veggrips og þess hversu vel aðrir sjá ökutækið.

3.3.6 Forgangur í umferð

Neminn geti bent á nauðsyn þess fyrir ökumann að þekkja reglur um hvernig mismunandi hópar vegfarenda eiga að bregðast við þegar leiðir þeirra liggja saman eða skerast.

Neminn geti lýst hvernig ökumaður á að bregðast við

- *þar sem hægri forgangur gildir*
- *umferðarmerkjum sem gefa forgang í umferð til kynna*
- *ljósmerkjum götuvita við vegamót og gangbrautir.*

Neminn geti auðveldlega sagt til um hvaða ökumönnum ber að víkja við tiltekna aðstæður sem sýndar eru á myndum og þekki til aðstæðna þar sem vafi getur leikið á forgangi.

Neminn þekki bendingar og merki lögreglu og gangbrautavarða við umferðarstjórn og hlýði þeim án undantekninga.

Neminn geti bent á hugsanlegar afleiðingar þess ef forgangur í umferð er ekki virtur (óþægindi, hætta, umferðaróhöpp og slys).

3.3.7 Bakkað og snúið við

Neminn viti að hverju þarf að gæta áður en hann bakkar og þekki þær hættur sem því fylgja.

Neminn þekki þá aksturshætti sem skapa öryggi og þær skyldur sem hvíla á þeim sem bakkar eða snýr við á vegi.

Neminn þekki umferðarmerki sem banna að snúið sé við á vegi og viti við hvaða aðstæður aðrar er ótryggt að snúa við á vegi.

3.3.8 Stöðvun og lagning ökutækja

Neminn geti skilgreint hugtökin „að nema staðar“, „að stöðva ökutæki“ og „að leggja ökutæki“.

Neminn geti endursagt meginreglur um hvar má stöðva eða leggja ökutæki og geti sagt til um:

- *hvar bannað er að stöðva ökutæki*
- *hvar bannað er að leggja ökutæki.*

Neminn útskýri með dæmum hvernig hægt er að forðast óþægindi og koma í veg fyrir hættuástand þegar bifreið er lagt.

Neminn þekki til reglna um lagningu ökutækja á bílastæðum og í bílastæðahúsum og um gjaldtöku.

3.3.9 Áhætta og áhættumat

Þessi hluti fjallar um að ökumenn þurfi að móta með sér heppilegt viðhorf gagnvart samferðafólki sínu í umferðinni og þroska hæfileika til að gera sér grein fyrir þeim margvíslegu hættum sem fylgja notkun bifreiðar.

Neminn viti að hann þurfi að tileinka sér vissar forsendur til að aka með lágmarks áhættu svo sem að

- *geta dæmt um eigin ökuhæfni*
- *meta hættuna á að eiga sjálfur aðild að umferðaróhappi*
- *taka tillit til óvarinna vegfarenda*
- *skilja ábyrgðina sem hann ber á sjálfum sér, farþegum sínum og öðrum vegfarendum*

- *líta á umferðina sem félagslegt atferli*
- *tileinka sér varnarakstur til aukins öryggis fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur.*

Neminn þekki til flokka umferðarslysa og hugsanlegra orsaka þeirra.

Neminn viti að mistök ökumanns, svo sem skortur á athygli, rangt mat á hraða og fjarlægð og of hraður akstur miðað við aðstæður, auka líkur á því að margs konar slys geti orðið.

Neminn viti hvað getur valdið falskri öryggistilfinningu í umferðinni og hvaða afleiðingar það getur haft.

Neminn átti sig á

- *hvernig ofmat hans á eigin getu geti haft hættu í för með sér*
- *hvernig viðhorf og hópþrýstingur getur haft áhrif á aksturslag ökumanns*
- *hvaða hópum ökumanna hættir til að láta hafa sig út í að taka áhættu í umferðinni.*

Neminn viti að „varnarakstur“ þýðir að vera ávallt viðbúinn því að bregðast við óvæntri hættu og því að aðrir ökumenn brjóti umferðarreglurnar.

Neminn viti um hættuna á að aka á dýr sem stödd eru á eða við veg, svo sem búfé eða fugla, eða aðra aðskotahluti, svo sem grjót.

Neminn geti nefnt dæmi um hvaða þýðingu þekking, færni, viðhorf og akstursreynsla hefur fyrir öruggan akstur.

Neminn geti, með skírskotun til ákveðinna dæma, greint orsakir umferðarslysa, fjallað um ábyrgð ökumanns og metið hvernig hann hefði getað hagað akstri til að draga úr hættu og e.t.v. komið í veg fyrir slys.

Neminn geti rætt um og tilgreint afleiðingar slysa fyrir ökumanninn sjálfan, farþega hans, aðra vegfarendur og samfélagið, einkum þeirra slysa sem verða vegna viljandi áhættuaksturs.

Neminn móti með sér jákvætt viðhorf til umferðaröryggismála og þekki gildi mismunandi aðgerða stjórnvalda, svo sem fræðslu, eftirlits með umferð og viðurlaga fyrir brot á umferðarreglum.

Neminn skilji þá áhættu sem felst í umferðinni og þá aksturshætti sem hann þarf að tileinka sér til að mæta kröfum nútíma umferðar.

Neminn geti metið aksturshætti sína og hvað hann geti gert til að stuðla að umferðaröryggi.

3.3.10 Akstur í myrkri og ljósaskiptum

Neminn viti hvernig sjón er notuð í myrkri og geti í stuttu máli gert grein fyrir

- *sálrænni blindu og að blindast af ljósi*
- *hversu vel ökumaður sér til við akstur í myrkri*
- *hvernig ökumaður á að beita augunum til að forðast blindun*
- *dimmuaðlögun sjónar og hvers vegna hætta skapast við aukna dimmu.*

Neminn þekki reglur sem skylda notkun dagljósa og ökuljósa.

Neminn geti útskýrt við hvaða aðstæður ökumaður á að lækka ljósgeislann og hvernig minnka á hraða áður en geislinn er lækkaður.

Neminn þekki reglur um notkun ljósa á kyrrstæðum ökutækjum á vegi.

Neminn geti sagt til um hvaða litur á að vera á ljósum og endurskinsmerkjum að framan og að aftan og kannist við mismunandi endurskinsbúnað.

Neminn geti bent á gagnsemi þess að í myrkri noti gangandi vegfarendur endurskinsmerki eða ljós.

Neminn þekki þau mistök gangandi vegfarenda að telja sig sjást betur í myrkri en þeir gera.

3.3.11 Gangbrautir

Neminn þekki þær hættur sem fylgja akstri á, við eða yfir gangbraut eða gangstíg.

Neminn þekki

- *umferðarmerki og ljósmerki við gangbrautir*
- *varúðarráðstafanir sem tíðkast við gangbrautir*
- *reglur um forgang*
- *reglur sem gilda um stöðvun og lagningu ökutækja við gangbrautir.*

Neminn viti að aka verður yfir gangbraut með fyllstu gætni.

3.3.12 Aðreinar og fráreinar – langakstur á þjóðvegum/hraðbrautum

Neminn geti lýst réttum viðbrögðum ökumanns

- *þegar ekið er að aðalbraut eða yfir hana*
- *þegar beygt er inn á aðalbraut eða ekið út af henni*
- *þegar aðrein eða frárein er notuð til hraðaaukningar eða hraðaminnkunar*
- *þegar tafir verða eða bilun í ökutæki og hvernig vegöxl er notuð.*

Neminn geti nefnt algeng mistök við að meta fjarlægð til ökutækis og hraða þess, svo og áhættuþætti vegna aksturs inn á eða út af aðalbraut; auk þess tilgreini neminn hvernig hann gæti brugðist við þessu.

Neminn skilji mikilvægi þess fyrir ökumann að sjá og fylgjast með langt fram fyrir ökutækið þegar ekið er á þjóðvegum og geti nefnt dæmi um að hverju þarf sérstaklega að gæta.

Neminn þekki reglur um umferð í jarðgöngum og reglur um gjaldskyldu þar sem hún er í gildi.

Neminn geti lýst skynsamlegum viðbrögðum ökumanns gagnvart þeim hindrunum sem búast má við á eða við veg í dreifbýli svo sem búfenaði eða kyrrstæðu ökutæki og bent á algengar hættur í því sambandi.

Neminn geti tilgreint hvaða þýðingu umferðarmerki og yfirborðsmerkingar á vegum hafa fyrir akstur.

Neminn þekki merkingar akreina, aðreina og fráreina og helstu reglur um akstur á hraðbrautum í alþjóðlegri umferð.

Neminn þekki einkenni syfju og þreytu og skilji áhrif þessa á öryggi í akstri. Hann kunni að bregðast við slíku ástandi svo sem með nægum svefni fyrir akstur og að gera þurfi regluleg hlé á akstri á lengri leiðum.

Neminn kunni skil á

- *hvers konar slys verða helst við akstur í beygjum og geti útskýrt hugsanlegar orsakir þeirra*
- *hvernig best er að aka til að komast hjá þess háttar slysum.*

3.3.13 Framúrakstur og akstur á malarvegum

Neminn viti hvaða skyldur hvíla á þeim sem ekur framúr og þeim sem ekið er framúr.

Neminn viti hvaða áhrif bifreið sem kemur á móti hefur á framúrakstur þegar hann hefur verið ákveðinn.

Neminn

- *geti bent á það sem takmarkar framúrakstur*
- *viti hvaða áhættuþættir geta valdið röngu mati við framúrakstur*
- *móti raunhæfar hugmyndir um hve langt framundan vegur þarf að vera auður til að framúrakstur sé skynsamlegur*
- *þekki sérstaklega þær hættur sem fylgja akstri um þrengingar á vegi, einbreiðar brýr og yfir blindhæðir*
- *þekki mikilvægi veggrips til að unnt sé að stjórna bifreið af öryggi.*

Neminn geti

- gert grein fyrir því hvernig rétt er að haga framúrakstri
- útskýrt hvenær í framúrakstri hætta er mest
- útskýrt hvenær og á hvaða forsendum hætt skal við framúrakstur
- lýst því hvernig á að hætta við framúrakstur
- útskýrt áhrif mismunandi yfirborðs vegar á veggrip

Neminn geti tilgreint hvar framúrakstur er bannaður ásamt því að geta nefnt fleiri aðstæður þar sem framúrakstur er ekki skynsamlegur.

Neminn viti hvaða yfirborðsmerkingar og umferðarmerki leyfa eða banna framúrakstur og þekki reglur umferðarlaga um framúrakstur.

Neminn skilji að við mætingar eykst öryggi ef dregið er úr hraða og eldsneytisgjöf takmörkuð þegar mest er.

Neminn þekki rétt viðbrögð fari bifreið að renna til.

Neminn skilji nauðsyn þess að sýna sérstaka aðgát þar sem bundið slitlag endar.

Neminn þekki rétt viðbrögð missi hann hjól bifreiðar að hluta út fyrir bundið slitlag.

3.4 Mannlegir þættir

Viðfangsefni þessa hluta er vegfarandinn. Á sama hátt og neminn verður að öðlast þekkingu á ökutæki sem hann ætlar að aka verður að gera honum grein fyrir getu hans sjálfs og annarra í umferðinni. Um er að ræða þekkingu ökumanns á eigin möguleikum og takmörkunum og á möguleikum og takmörkunum annarra hópa vegfarenda (t.d. barna, aldraðra, fatlaðra, gangandi vegfarenda, bifhjólafólks, hjólreiðafólks, reiðmanna o.s.frv.).

Akstur felur í sér framkvæmd sérhæfðra viðbragða sem andsvar við þeim áreitum sem ökumaðurinn verður fyrir frá öðrum vegfarendum og umferðarumhverfinu.

Neminn þarf að fá innsýn í þau sálfræðilegu ferli sem snerta hæfni mannsins til að aka bifreið.

Neminn þarf að skilja að oft eru gerðar meiri kröfur til fólks í umferðinni en auðvelt er að uppfylla. Með kennslu og æfingu skal leitast við að draga úr þessu misræmi. Skilningur á þessu ætti að vera nemandi hvatning í námi og leiða til aukins áhuga á því að samfélagið leggi eitthvað af mörkum til að umferðin verði okkur viðráðanleg.

3.4.1 Umferðarsálfræði

Neminn viti að umferðarsálfræði er hagnýt sálfræði og að henni er ætlað að lýsa og útskýra hegðun fólks í umferðinni.

Neminn geri sér ljóst að akstri má lýsa sem félagslegu atferli sem er háð ólíkum gildum og væntingum í samfélaginu.

Neminn skilji

- *að væntingar sem gerðar eru til viðbragða ökumanns verða að vera í samræmi við mannlega getu*
- *að mikinn meirihluta umferðarslýsa má rekja til mannlegra mistaka.*

3.4.2 Akstursferlið

Neminn geti

- *lýst akstursferli á einfaldan hátt með því að skipta því í skynjun, túlkun, ákvörðun og viðbragð*
- *í stuttu máli gert grein fyrir skynjun og túlkun*
- *í stuttu máli gert grein fyrir skynjun fjarlægða og hraða*
- *útskýrt vægi skynfæra fyrir akstur*
- *teiknað og sýnt skiptingu sjónar í brennipunkt sjónar og jaðarsjónsvið og útskýrt hvernig á þessari skiptingu stendur*
- *sagt til um hvernig sjónsvið breytist með auknum hraða*
- *gert grein fyrir aðstæðum sem valda því að ökumenn hafa tilhneigingu til að rangtúlka áreiti og hvaða þýðingu það hefur í umferðinni*
- *gert grein fyrir þýðingu góðrar athygli við akstur.*

3.4.3 Áhrifaþættir ökumannsins

Neminn kunnir skil á mikilvægum atriðum eða eiginleikum sem hafa áhrif á akstursfærni og viðhorf ökumanns svo sem:

- *persónuleikaþáttum*
- *félagslegri færni*
- *tilfinningalegu ástandi*
- *þreytu og streitu*
- *aldri*
- *áfengi, lyfjum, ávana- og vímuefnum*
- *alvarlegum sjúkdómum*
- *óvanalegu líkamlegu ástandi.*

Neminn geti bent á hvernig ökumaður getur unnið gegn neikvæðum áhrifum þessara þátta.

Neminn viti hver eru áhrif vínanda á akstursgetu og dómgreind.

Neminn þekki ákvæði umferðarlaga um áfengi og akstur.

Neminn viti að hann ber sjálfur ábyrgð á því ef vínandi mælist í blóði eða útöndunarlofti, jafnvel þótt hann telji sig ekki hafa neytt áfengis nýlega.

Neminn viti um ábyrgð sína ef hann er farþegi í bifreið ölvaðs ökumanns.

Neminn viti um áhrif lyfja og vímuefna, annarra en áfengis, á akstursgetu og dómgreind.

3.4.4 Hópar vegfarenda og sérkenni þeirra

Neminn kunni skil á andstæðum í umferð milli

- *staðbundinnar umferðar og gegnumaksturs og hvað ökumaður getur gert til að samræma þetta tvennt,*
- *mismunandi ökutækja og bent á hvernig ökumaður verður að taka tillit til þessa til að gæta eigin öryggis og annarra.*

Neminn viti að börn, aldraðir og fatlaðir eru í sérstakri hættu í umferðinni, geti gert grein fyrir því í stuttu máli hvað einkennir atferli þessa fólks í umferð og átti sig á hvernig ökumaður getur tekið tillit til þess.

Neminn þekki reglur um sérmerkt bílastæði fatlaðra.

Neminn viti að ökumenn reiðhjóla, bifhjóla og léttra bifhjóla eru í sérstakri hættu í umferðinni og geti gert grein fyrir því hvernig ökumaður getur tekið tillit til þess.

Neminn þekki reglur um skyldur sínar gagnvart búfé og reiðmönnum á eða við veg.

3.4.5 Kröfur umferðarinnar og geta ökumanns

Neminn viti

- *að vegfarendur geta stundum ekki uppfyllt þær kröfur sem umferðin gerir til þeirra og viti hvaða áhrif þetta ætti að hafa á hegðun hans sjálfs*
- *að umferðarkerfið í heild sinni verður að taka mið af mannlegri getu.*

3.5 Ábyrgð ökumanns

Tilgangurinn með þessum hluta er að nemi öðlist þekkingu á þeirri miklu ábyrgð sem í því felst að eiga og nota bifreið. Fjöl margar skyldur hvíla á ökumanni og eiganda. Ef vikist er undan þessum skyldum getur það haft alvarlegar afleiðingar.

3.5.1 Skráning og eigendaskipti

Neminn geti nefnt þær kvaðir og skyldur sem hvíla á eiganda bifreiðar varðandi

- skráningu
- váttryggingu
- eigendaskipti
- reglubundna skoðun
- framvísun skírteina og vottorða
- upplýsingagjöf til yfirvalda um notkun bifreiðar.

3.5.2 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi

Neminn viti að sá sem notar bifreið er ábyrgur fyrir að

- hún sé skráð
- hún sé löglega tryggð
- hún sé rétt og eðlilega hlaðin
- tryggilega sé gengið frá lausum hlutum, farmi, gæludýrum farmi o.s.frv.
- skráningarskírteini og skoðunarovottorð sé meðferðis
- hún sé búin þeim öryggisbúnaði sem lög gera ráð fyrir.

Neminn prófi öryggisbelti í

- veltibíl
- bílbeltasleða

Neminn þekki og noti þann öryggis- og verndarbúnað sem bifreið er búin og settur er í bifreið fyrir börn og viti meðal annars að

- öryggisbelti skulu notuð
- hnakkapúði skuli rétt stilltur
- ökumaður er ábyrgur fyrir að börn noti öryggis- og verndarbúnað í samræmi við gildandi reglur.

Neminn þekki þær hættur sem geta fylgt uppblásanlegum öryggispúðum í bifreiðum svo sem fyrir lágvaxið fólk og börn.

Neminn viti að bannað er að aka bifreið ef ökumaðurinn er ekki í ástandi til að stjórna henni af öryggi, t.d. vegna þess að hann er

- undir áhrifum áfengis, lyfja eða annarra vímuefna
- veikur eða þreyttur
- í einhverju öðru ástandi sem gerir akstur óöruggan.

3.5.3 Fjárhagsleg ábyrgð

Neminn viti

- hver ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun bifreiðar
- hvaða skyldu- og valtryggingar gilda um ökutæki
- hvaða tjón eru bætt af tryggingum og hvernig
- hvaða tjón eru ekki bætt af tryggingum.

Neminn geti útskýrt hugtökin skaðabótaskylda, fébótaskylda og váttryggingarskylda.

Neminn þekki helstu reglur tryggingafélaga um afslátt og verðlaunaafslátt (bónus) af tryggingaiðgjöldum vegna ábyrgðar- og húftrygginga.

Neminn geti útskýrt hugtökin ásetningur og stórkostlegt gáleysi og sagt til um í hvaða tilvikum tryggingafélag getur endurkrafið ökumann um skaðabætur.

3.5.4 Viðbrögð stjórnvalda - viðurlög

Neminn viti að brot á lögum, reglugerðum og öðrum reglum sem settar hafa verið um umferð geta leitt til sektar, sviptingar ökuréttar eða fangelsunar.

Neminn þekki helstu viðurlög við brotum gegn umferðarlögum þar á meðal

- *reglur um akstursbann og sérstakt námskeið*
- *reglur um punktakerfi og sviptingu ökuréttar samkvæmt þeim*
- *reglur um bráðabirgðaskírteini/reynslutíma nýrra ökumanna*
- *reglur um sviptingu ökuréttar, sektir og fangelsanir vegna ölvunaraksturs.*

Neminn viti að ónóg aksturshæfni, vanþekking á umferðareglum eða skortur á skilningi á tillitssemi í umferðinni getur leitt til vísunar í hæfnispróf og afturköllunar ökuskírteinis.

Neminn viti um gildistíma ökuréttinda og hvenær og hvernig þau skal endurnýja.

3.5.5 Skyldur ökumanns á slysstað

Neminn geti gert grein fyrir skyldum sem gilda um þá sem

- *tengjast umferðarslysi, viljandi eða óviljandi*
- *eru í nánd við slysstað eða eru vitni að slysi.*

Neminn geti

- *nefnt aðgerðir sem grípa þarf til þar sem óhapp eða slys hefur orðið, svo sem að tryggja öryggi á slysstað og tryggja vitni*
- *lýst því hvernig eigi að tilkynna um slys til lögreglu með réttum hætti*
- *lýst því hvernig rétt er staðið að flutningi slasaðs fólks*
- *fyllt út þar til gerða tjónaskýrslu þegar það á við.*

Neminn viti hvernig rétt er að mæta þeirri hættu sem skapast þegar ökutæki með hættulegan farm verður fyrir óhappi.

3.5.6 Aðkoma að slysi

Neminn kunni helstu þætti neyðarhjálpar við þeim meiðslum sem algengust eru við umferðarslys og þekki aðgerðir til að koma í veg fyrir meira slys.

Neminn kunni a.m.k. undirstöðuatriði í

- *að kanna meðvitund, öndun og púls*
- *viðbrögðum við meðvitundarleysi*
- *að stöðva hættulegar blæðingar og bregðast rétt við þeim*
- *viðbrögðum við losti*
- *meðhöndlun manns með háls- eða bakáverka*
- *að búa um beinbrot*
- *viðbrögðum við eldi í bifreið og fyrstu meðferð brunasára*
- *vörnum gegn ofkælingu.*

Neminn kunni aðferðir við endurlífgun og a.m.k. undirstöðuatriði í

- *að tryggja opinn öndunarveg og blástursaðferð*
- *viðbrögðum við hjartastoppi og aðferðum við hjartahnoð.*

Leiðbeinandi, viðurkenndur af Rauða krossi Íslands, skal sjá um kennslu og þjálfun í þessum hluta.

4. Kafli

Námsmat

4.1 Tilgangur námsmats

Námsmat er órjúfanlegur þáttur alls náms. Með námsmati fær ökukennarinn, ökuskólinn og leiðbeinandinn upplýsingar um hvernig kennsla hefur til tekist. Neminn fær einnig upplýsingar um hvað hann hefur lært.

Mat á nemandanum og ökukennslunni á að gefa heildarmynd af gæðum kennslunnar og vera öllum sem að málinu koma til leiðsagnar um bættu ökukennslu.

4.2 Aðferðir við námsmat

Námsmat skal miða við þau námsmarkmið sem sett eru fram í námskrá. Námskráin setur markmið sem ætlast er til að neminn nái með námi sínu. Aðilar ökukennslu veita nemandum síðan þau skilyrði sem best eru til að þessum markmiðum verði náð. Þeir verða síðan að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum er náð.

Námsmat getur verið með tvennum hætti:

- *Námsmat meðan á kennslu stendur (símat).*
- *Lokanámsmat (lokapróf) eftir að kennslu er endanlega lokið.*

4.3 Mat meðan á kennslu stendur

Við símat fá ökukennarinn og ökuskólinn stöðuga endurgjöf um hvernig til tekst við nám nemans og árangur kennslunnar. Markmiðið er að nota þær aðferðir sem skila bestum árangri. Slíkt mat er einnig mikilvægt fyrir nemann. Hann fær strax að vita hvernig gengur í náminu sem virkar sem sterk hvatning við námið.

Símat má framkvæma með gátlistum þar sem merkt er við hvernig staða nemans er á tiltekinni athöfn, hvort hún sé viðunandi eða þarfnist betri þjálfunar.

4.4 Mat að loknu námi

Tilgangur mats að loknu námi er að athuga hve mikinn hluta námsmarkmiða neminn hefur tileinkað sér. Slíkt mat tengist þeim endanlegu kröfum sem yfirvöld gera til þess sem fær ökuréttindi. Ökukennarinn skal leitast við að beita slíku mati áður en hann vottar að neminn sé tilbúinn til ökuþrófs. Eins skal ökuskólinn leitast við að prófa nemann í fræðilegri kunnáttu í lok bóklegs námskeiðs. Ökunemi sem hættir námi af einhverjum ástæðum án þess að ljúka því skal geta fengið vottorð frá ökukennara/ökuskóla um stöðu sína í náminu.

Ökuþrófi er ætlað að mæla hvort ökunemi fullnægi lágmarkskröfum yfirvalda um kunnáttu, færni og öryggi í akstri til að fá útgefið ökuskipteini fyrir tiltekin ökuréttindi.

5. Kafli

Próflýsing

5.1 Prófferlið

Tilgangur ökuþrófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskírteini.

Ökuþróf skiptist í tvo hluta; fræðilegt próf og verklegt próf. Verklega prófið er tvíþætt, munnlegt próf og akstursþróf. Ekkert próf fer fram nema vottorð um fullnægjandi ökukennslu liggja fyrir.

Fræðilegt próf má ekki fara fram fyrir en tveimur mánuðum áður en umsækjandi nær 17 ára aldri.

Verklegt próf má ekki fara fram fyrir en að stöðnu fræðilegu prófi. Verklegt próf skal ekki fara fram fyrir en einni viku áður en umsækjandi nær 17 ára aldri. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi má prófið fara fram allt að tveimur vikum áður en aldrinum er náð.

Umsækjandi skal hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst skriflega prófið.

Að loknu hverju prófi tilkynnir prófdómari próftaka hvort hann hafi staðist próf. Að jafnaði skal upplýsa próftaka að loknu prófi um þær villur sem hann gerði í prófinu. Frammistaða próftaka á prófi (skriflegu prófi og verklegu prófi) er metin til stiga.

Standist próftaki ekki próf má hann ekki reyna við sama próf að nýju fyrir en að viku liðinni. Ef sérstaklega stendur á má stytta þennan tíma. Próftaki má endurtaka próf þar til hann hefur staðist það. Hann greiðir nýtt gjald fyrir hvert endurtekið próf.

Eigi próftaki erfitt með lestur eða tjáningu getur hann gengist undir sérstakt próf og fengið aðstoð prófdómara eða annars tilkvadds aðstoðarmanns við að skilja spurningar og koma svörum á framfæri. Ökukennari getur ekki komið fram sem aðstoðarmaður.

5.2 Fræðilegt próf

Í fræðilegu prófi sem er skriflegt krossapróf skal spyrja um atriði er varða umferðarlöggjöf, viðurkennda aksturshætti, ökutækið, mannlega þætti og viðbrögð á slyssað og önnur atriði sem tilgreind eru í fræðilegum hluta námskrár. Til að standast prófið má próftaki mest hafa tvær villur í fyrri hluta prófsins og mest 7 villur í prófinu í heild.

5.2.1 Einstaklingspróf

Geti próftaki ekki með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi getur hann sótt um að taka hliðstætt próf munnlega. Einstaklingspróf er skriflegt próf þar sem próftaki fær lesaðstoð við að leysa prófið eða hann leysir það án þess að sitja í hópprófi. Einstaklingspróf eru ætluð þeim sem:

- eru lesblindir
- eru ólæsir eða illa læsir
- eiga erfitt með að taka krossapróf (t.d. fullorðnu fólki, þeim sem eru óvanir því að taka skriflegt krossapróf, eru mjög óöryggir, eiga mjög erfitt með að einbeita sér eða eru haldnir miklum prófkvíða)
- eiga við tungumálaerfiðleika að stríða.

5.2.2 Erlend próf og túlkpróf

Skriflegt próf er unnt að taka á nokkrum erlendum tungumálum. Ef próftaki getur ekki leyst skriflegt próf á þeim tungumálum getur hann sótt um að taka prófið með aðstoð túlks sem verkstjóri ökuþrófa viðurkennir. Skal þá

prófdómari vera viðstaddur prófið og sjá til þess að prófreglum fyrir einstaklingspróf sé framfylgt.

5.3 Verklegt próf

Að stöðnu skriflegu prófi gengst próftaki undir verklegt próf sem skiptist í munnlegt próf og aksturspróf. Í munnlegu prófi þarf próftaki að ná 60 stigum af 100 til að standast próf. Í akstursprófi þarf próftaki að ná 80 stigum af 100 til að standast próf. Munnlegt próf þarf próftaki að standast áður en aksturspróf getur hafist. Að loknu verklegu prófi gefur prófdómari áritun sína til staðfestingar á stöðnu prófi.

5.3.1 Munnlegt próf

Tilgangur munnlegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu á gerð og búnaði bifreiðar að hann geti haldið henni þannig við að ekki verði um óeðlilegar bilanir að ræða sem gera hana óörugga í akstri eða auka verulega rekstrarkostnað hennar. Einnig að hann geti greint galla eða bilanir er fram kunna að koma og verulegu máli skipta um öryggi.

Munnlegt próf er lagt fyrir próftaka í eða utan við bifreið á undan akstursprófi. Í munnlegu prófi skal spyrja próftaka um efni úr fræðilegum og verklegum hluta námskrár, nánar tiltekið um mælaborð, öryggisbúnað, stjórnþæki, vél og vagn. Hann skal geta svarað spurningum um

- *mæla og gaumljós í mælaborði, hvað hver mælir sýnir og hvaða upplýsingar hann gefur. Spurt skal um rofa, hvernig þeim er beitt, fyrir hvað þeir eru, og í hvaða tilvikum rofar eru notaðir.*
- *stillingar á sæti og baksýnis- og hliðarspeglum, útsýn úr bifreið og hvaða hlutum beri að leggja mesta áherslu á að halda hreinum. Einnig um notkun öryggisbúnaðar og gerð hans og hvernig ganga megi úr skugga um ástand hans á einfaldan hátt og um ástand og virkni hemla og annarra stjórnþækja.*
- *gang og viðhald vélar, hvernig olía er mæld á vél og hvernig megi fylgjast með ástandi annarra vökva svo sem rúðu-, kæli- og hemlavökva. Einnig um hjólbarðaskipti og notkun viðvörunarþríhyrnings.*

5.3.2 Aksturspróf

Tilgangur akstursprófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu, athygli og færni sem þarf til að aka bifreið í umferðinni af öryggi fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur án stuðnings ökukennara.

Við aksturspróf skal prófdómari sitja við hlið próftaka. Prófdómari skal því aðeins hafa afskipti af stjórn bifreiðar að umferðaröryggi krefjist. Hann skal eftir því sem unnt er láta próftaka afskiptalausán en fylgjast vel með akstursháttum hans, gæta að hvort hann fer eftir umferðarreglum og hvort hann ekur eðlilega miðað við aðstæður. Nauðsynlegar ábendingar og fyrirmæli ber prófdómara að gefa greinilega og í tæka tíð þannig að próftaka gefist ráðrúm til að skilja þær og framkvæma. Prófdómari má ekki gefa fyrirmæli sem leiða myndu til brota á umferðarreglum ef hlýtt væri.

Í akstursprófi er prófað úr atriðum í eftirtöldum flokkum:

- *Undirbúningi aksturs og frágangi bifreiðar.*
- *Tæknilegri leikni á bifreið.*
- *Hæfni í umferðinni, öryggi, tillitssemi við aðra vegfarendur og fylgni við umferðarreglur.*

5.3.3 Verklegt próf með aðstoð túlks

Ef próftaki við munnlegt próf og aksturspróf getur ekki talað og skilið íslensku eða erlent tungumál sem prófdómari veldur nægilega vel skal notast við túlk sem verkstjóri ökuþróa viðurkennir. Sama á við ef um er að ræða heyrnar- eða málleysi.

5.4 Prófbifreiðin

Við aksturspróf skal nota viðurkennda kennslubifreið, án sjálfskiptingar, sem próftaki leggur til. Bifreiðin má ekki vera merkt eða auðkennd sem kennslubifreið. Bifreiðin skal vera þrifaleg og í fullkomnu lagi.

Við sæti prófdómara eiga að vera sérstakir fetlar, þannig að prófdómari geti, óháð próftaka, kúplað frá og hemlað bifreiðinni. Fetlar próftaka mega ekki virka á fetla prófdómara.

Bifreiðin skal búin baksýnisspegli fyrir próftaka á hægri hlið og eftirtöldum speglum fyrir prófdómara:

- *Baksýnisspegli inni í bifreið.*
- *Flötum augnspegli, sem sýnir augu og andlit próftaka, til að fylgjast með athygli próftakans.*
- *Kúptum baksýnisspegli á hægri hlið.*

Nota má prófbifreið með sjálfskiptingu:

- *ef próftaki fullnægir ekki almennum kröfum um líkamshreysti og getur ekki með góðu móti ekið bifreið án slíks búnaðar. Skulu ökuréttindi þá takmörkuð við slíka bifreið.*
- *ef próftaki hefur áður fengið útgefin réttindi til aksturs bifreiðar, svo sem við endurtekið ökuþróf (hæfnispróf) vegna sviptingar eða síðbúinnar endurnýjunar ökuskráteinis.*

Ef bifreiðin er búin sjálfskiptingu skal gírstöng koma í stað fetils til þess að rjúfa aflrás, og komið þannig fyrir að prófdómari geti stjórnað henni.

5.5 Prófdæming

Einn prófdómari er í munnlegu prófi og akstursprófi sem stjórnar prófi og dæmir það. Próftaki má vera viðbúinn því að eftirlitsaðili á vegum Umferðarstofu sitji sem farþegi í bifreið meðan á akstursprófi stendur. Skal það ávallt gert í samráði við ökukennara og próftaka.

Við mat á villum í verklegu prófi skal unnið eftir viðmiðunarkvarða akstursprófa. Viðmiðunarkvarðinn skal gerður í samráði við Ökukennarafélag Íslands og segja til um hvað telst villa og hversu alvarleg hún er.

Umferðarstofa ákveður hvar ökuþróf (skrifleg próf og verkleg próf) fara fram. Aksturspróf skal halda þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni og leikni próftaka má að hluta prófa á sérstöku svæði. Hæfni próftaka í umferð skal prófuð á vegum í þéttbýli og utan þess, við mismikla umferð, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanns, þannig að verulega reyni á ökuhæfni próftaka.

6. Kafli

Akstursmat

6.1 Markmið

Við endurnýjun bráðabirgðaskírteinis í fullnaðarskírteini skal handhafi þess hafa lokið akstursmati hjá ökukennara sem fengið hefur heimild Umferðstofu til að hafa með höndum akstursmat. Í akstursmati skal kannað hvort mat ökumanns á eigin hæfni og akstursháttum sé í samræmi við raunverulega getu hans.

Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis.

6.2 Tilhögun

Akstursmat fer þannig fram að ökumaður lýsir fyrir ökukennara eigin mati á aksturshæfni sinni og öryggi í umferðinni, nánar tiltekið í atriðum sem varða:

- *akstursleikni*
- *öryggi - umferðarlög*
- *tillitsemi við "léttari umferð"*
- *umferðarlestur*
- *athygli - eftirtekt*
- *góðakstur.*

Að því loknu skal ökumaður aka og ökukennari fylgjast með akstrinum og skrá hjá sér athugasemdir um þessi sömu atriði.

Aksturinn skal fara fram þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni ökumanns í umferð skal metin á vegum í þéttbýli, við mismikinn umferðarþunga, þar sem aksturskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna, þannig að verulega reyni á ökuhæfni ökumannsins. Ökukennarinn ákveður hluta akstursleiðarinnar og hluta ákveður ökumaðurinn.

Að akstrinum loknum lýsir ökumaðurinn fyrir ökukennaranum hvernig honum finnst að sér hafi til tekist og hvað hefði betur mátt fara. Ökukennarinn ber lýsingu ökumannsins saman við sínar niðurstöður og ræðir misræmi sem kann að vera þar á við ökumanninn. Að því loknu staðfestir ökukennarinn að akstursmatið hafi farið fram.

Gert er ráð fyrir að akstursmat taki 50 mínútur, þar af aksturinn 30 mínútur og úrvinnsla og niðurstaða 15 mínútur þar sem ökumaðurinn og ökukennarinn ræða hvernig bæta megi öryggi ökumannsins.

6.3 Umsjón

Löggiltir ökukennarar annast akstursmat. Umferðarstofa setur reglur um akstursmat, meðal annars um þjálfun ökukennara, gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd þess og annast eftirlit með framkvæmdinni.

Viðauki – Skipulag ökunáms samkvæmt námskrá

Leiðbeiningar um fjölda kennslustunda og um tengingu bóklegrar og verklegrar kennslu.

Áfangi	Bóklegir tímar	Námstími	Námsmarkmið - fræðilegt nám	Aksturs-tímar	Námsmarkmið - verklegt nám
				0 - 1	2.1 Grunnþjálfun
Ö ₁	4	1 vika	3.1 Inngangur 3.2 Ökutækið – vegurinn – umferðin	2 - 4	2.1 Grunnþjálfun
Ö ₁	8	2 vikur	3.3 Umferðarhegðun	5 - 7	2.2 Akstur í umferð
Ö ₂	7	2 vikur	3.4 Mannlegir þættir	6 - 7	2.3 Akstur í þéttbýli
Ö ₂	3	1 vika	3.5 Ábyrgð ökumanns	1 – 2	2.4 Akstur í dreifbýli
Ö ₃	3	1 vika	3.3.4 Hraði og aðstæður 3.3.9 Áhætta og áhættumat 3.3.13 Framúrakstur og akstur á malarvegum 3.4.3 Áhrifaþættir ökumannsins 3.5.2 Ábyrgð ökumanns á innra öryggi	2 - 3	2.5 Akstur við erfið skilyrði
				1	Prófun - prófundirbúningur
	25 tímar	7 vikur		17 - 25 tímar	

Ö₁ = fyrsti hluti bóklegs náms í ökuskóla (fyrir leyfi til æfingaaksturs með leiðbeinanda).

Ö₂ = annar hluti bóklegs náms í ökuskóla.

Ö₃ = þriðji hluti bóklegs náms sem á að fara fram um leið og kennsla í ökugerði